

## Trúnaðarmál

### Gátlisti vegna beiðni um þjónustu talmeinafræðings við 4,0 – 4,6 ára börn

Mjög mikilvægt er að listinn sé vel og rétt útfylltur. Ef sá sem fyllir út hefur ekki umbeðnar upplýsingar, þá leiti hann eftir þeim hjá öðrum eftir því sem við á. Oft gefst vel að skólastarfsmaður og foreldrar svari listanum í sameiningu.

Tilvísun telst ekki fullnægjandi og verður ekki tekin til afgreiðslu fyrir en allar umbeðnar upplýsingar liggja fyrir.

Nafn nemanda: _____	Kennitala: _____
Skóli: _____	Deild: _____
Deildarstjóri: _____	Útfyllt af: _____

#### Hvað getur 4,0 – 4,6 ára barn?

- Það hlustar á sögu í hópi og getur spjallað um hana á eftir.
- Það segir skipulega frá því sem það hefur upplifað (t.d. ferðalag, afmæli o.fl.).
- Það notar málið á viðeigandi hátt í samskiptum við jafnaldra.
- Það notar málið á viðeigandi hátt í samskiptum við fullorðna.
- Það skilur fyrirmæli fullorðinna.
- Það leikur sér eðlilega í leikjum þar sem reynir á mál.
- Það er að mestu komið með „hreinan“ framburð.

#### Hakið við það sem við á:

	Barnið hlustar illa á sögu í litlum hópi (3 – 5 börn)
	Barnið getur ekki svarað spurningum úr sögu sem lesin er fyrir það.
	Barnið “svarar til hliðar” t.d. “ <i>hvenær ferðu í sumarfrí?</i> ” – “ <i>ég sofa í tjaldi</i> ”
	Barnið skilur illa spurnarformöfn ( <i>af hverju, hvenær, hvar, hvað</i> ).
	Barnið svarar ekki þegar kallað er til þess.
	Barnið notar smábarnalegt tal (eins og það sé yngra en það er í raun).
	Barnið notar “símskeytastíl” í tali, t.d. “ <i>ég sofa ömmu nótt</i> ”.
	Barnið hefur óeðlilega mikla framburðargalla, s.s. samhljóðasambönd ekki farin að þróast ( <i>skór&gt;gór, stína&gt;dína</i> ), sleppir atkvæðum úr orðum ( <i>banani&gt;nani, súkkulaði&gt;húhla</i> ), sleppir stökum hljóðum úr orðum ( <i>lúður&gt;lúur, kisa&gt;isa</i> ), víxlar hljóðum ( <i>lesa&gt;sela</i> ), mikið er um samlögun hljóða ( <i>kubbar&gt;bubbar, lappi&gt;pappa</i> ).
	Barnið hikar eða höktir svo mikið í tali að það háir tjáningu þess.
	Barnið stamar.
	Mikill munur er á mállegri og verklegri getu. Barnið dundar sér vel í athöfnum/aðstæðum þar sem ekki reynir á málið, en sýnir óróleika, spennu og úthaldsleysi þegar málkröfur aukast.
	Málhegðun barnsins er óeðlileg; það svarar ekki, heilsar ekki, skiptir um umræðuefni á óviðeigandi hátt, hikar eða hefur langa þögn áður en það svarar o.fl.

**Hakið við það sem við á:**

	Barnið hefur haft tíðar eyrnabólgur.
	Barnið hefur varanlega heyrnarskerðingu.
	Umtalsverð veikindasaga er til staðar. <b>Nánar:</b>
	Fleiri en eitt tungumál er í nánasta umhverfi barnsins.
	Ættarsaga er til staðar um málþroskaröskun.
	Ættarsaga er til staðar um leshömlun.
	Grunur er til staðar um vanörvun hvað varðar mál og tal.
	Barnið er fætt á Íslandi.
	Barnið hefur aðgang að sjónvarpsefni og bókum á móðurmáli sínu.

**Barnið hefur orðið fyrir áfalli sem gæti haft áhrif á málþroska og/eða framburð (líkamlegu/andlegu).** Já \_\_\_\_\_ Nei \_\_\_\_\_

Nánari lýsing: \_\_\_\_\_

**Hefur heyrn barnsins verið mæld nýlega?** Já \_\_\_\_\_ Nei \_\_\_\_\_

Síðasta mæling, dags, niðurstöður: \_\_\_\_\_

**Er búið að klippa á tungu- og/eða varahaft?** Já \_\_\_\_\_ Nei \_\_\_\_\_

**Er búið að fjarlægja háls- og/eða nefkirtla?** Já \_\_\_\_\_ Nei \_\_\_\_\_

**Hefur barnið farið í reglubundnar skoðanir hjá heilsugæslunni?** Já \_\_\_\_\_ Nei \_\_\_\_\_

**Ef já, voru áhyggjur?** Já \_\_\_\_\_ Nei \_\_\_\_\_

**Hvers eðlis voru áhyggjurnar?** \_\_\_\_\_

**Á hvaða aldri byrjaði barnið að:**

- Segja sitt fyrsta orð: \_\_\_\_\_
- Tengja saman 2-3 orð: \_\_\_\_\_
- Nota setningar: \_\_\_\_\_

**Hversu oft í viku er lesið fyrir barnið?** \_\_\_\_\_

**Á eitthvað af eftirfarandi við um barnið?**

<input type="checkbox"/>	Barnið er mikið með opinn munninn (opinmynt).
<input type="checkbox"/>	Barnið slefar óeðlilega mikið.
<input type="checkbox"/>	Barnið er lengi að borða.
<input type="checkbox"/>	Barnið tyggur með opinn munninn.
<input type="checkbox"/>	Barnið sefur með opinn munninn.
<input type="checkbox"/>	Barnið hrýtur.
<input type="checkbox"/>	Barnið gnístir tönnum í svefni.
<input type="checkbox"/>	Barnið virðist ekki úthvílt þegar það vaknar.
<input type="checkbox"/>	Barnið notar snuð.

**Ef barnið hefur notað snuð:**

- Hversu lengi notaði barnið snuð? \_\_\_\_\_
- Hvenær hætti snuðnotkun? \_\_\_\_\_

**Ef barnið er fjöltyngt:**

Hvaða mál tala foreldrar barnsins? \_\_\_\_\_

Hversu lengi hefur barnið verið í íslensku málumhverfi? \_\_\_\_\_

**Annað sem óskað er eftir að koma á framfæri:**

---



---



---



---



---

**Nauðsynleg fylgiskjöl með öllum beiðnum um athugun talmeinafræðings:**

Yfirlit yfir fyrirkomulag mál- og talþjálfunar ef við á, hver kennir, hversu oft, skipulag, hvaða árangri hefur það skilað o.fl.

## Nánar um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga

Skólaþjónusta Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu safnar framangreindum persónuupplýsingum svo mögulegt sé að veita lögbundna þjónustu og svo einstaklingar geti nýtt réttindi sín samkvæmt lögum um grunnskóla nr. 91/2008 og lögum um leikskóla nr. 90/2008.

Skólaþjónustan geymir upplýsingarnar í rafrænu kerfi sem utanaðkomandi aðili (ONE) heldur utan um. Auk þess deilir Skólaþjónustan framangreindum persónuupplýsingum með ákveðnum sérfræðingum, sem málið varðar. Þeir eru bundnir trúnaði og ber að haga meðferð persónuupplýsinga í samræmi við lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018.

Skólaþjónustan er afhendingarskyldur aðili samkvæmt lögum um opinber skjalasöfn nr. 77/2014. Vegna þess er henni óheimilt að ónýta eða farga nokkru skjali nema með heimild þjóðskjalavarðar. Almennu eru þær persónuupplýsingar sem skólaþjónustan safnar um einstök börn afhentar Héraðsskjalasafni einu ári eftir að barn lýkur grunnskólagöngu.

Einstaklingar njóta ákveðins réttar samkvæmt lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018, svo sem réttar til aðgangs að persónuupplýsingum, að láta leiðrétta þær, takmarka vinnslu þeirra, andmæla og fleira. Réttindi þeirra kunna þó að vera háð ýmsum skilyrðum.

Hafi einstaklingar frekari spurningar um hvernig Skólaþjónustan meðhöndlar upplýsingar um þá, eða um réttindi sín, þá geta þeir ávallt beint fyrirspurnum til persónuverndarfulltrúa Skólaþjónustunnar. Sá aðili er Dattaca Labs og hægt er að hafa samband með því að senda erindi á netfangið [dpo@dattacalabs.com](mailto:dpo@dattacalabs.com).

Dragi einstaklingar í efa að Skólaþjónustan meðhöndli persónuupplýsingar um þá í samræmi við lög um persónu-vernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018, þá hafa þeir rétt til að senda inn erindi til Persónuverndar ([www.personuvernd.is](http://www.personuvernd.is)).

Nánari upplýsingar um meðferð Skólaþjónustunnar á persónuupplýsingum má sjá í persónuverndaryfirlýsingu sem aðgengileg er á heimasíðu Skólaþjónustunnar.